

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 27.4.2021
Tilvísun: 20210404271

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (greiðsludreifing staðgreiðslu og tryggingagjalds, úttekt séreignarsparnaðar) – 698. mál, þskj. 1177

Ríkisskattstjóri hefur þann 15. apríl sl. móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda:

Í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er m.a. gert að skilyrði fyrir greiðsludreifingu samkvæmt ákvæðinu að aðili sé á umsóknardegi í skilum með önnur opinber gjöld, skatta og skattsektir en greinir í 1. mgr. sem komin voru á eindaga 31. desember 2020. Ríkisskattstjóri bendir á að betur færi á því að hér væri haldið samræmi við efnislega sambærilegt skilyrði fyrir frestun staðgreiðslu og tryggingagjalds sem sett var í lög um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 25/2020. Með vísan til þess er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að aðili sé á umsóknardegi í skilum með önnur opinber gjöld, skatta og skattsektir en greinir í 1. mgr. sem komin voru á eindaga 31. desember 2019.

3. og 4. gr. frumvarpsins snerta úttekt á séreignarsparnaði og er þar endurvakin heimild til að taka út allt af 12.000.000 kr. af séreignarsparnaði óháð aldri aðila, nú á tímabilinu 1. apríl 2021 til 1. janúar 2022. Vert er að halda því til haga að þessi ráðstöfun kallar á áframhaldandi aukið vinnuframlag af hálfu starfsmanna Skattsins, s.s. í tengslum við aukna vefþjónustu við lífeyrissjóði o.fl.

Að öðru leyti gerir Skatturinn ekki athugasemdir við frumvarp þetta eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson